

114. fundur

Skólanefnd Tónlistarskóla Stykkishólms hélt fund mánudaginn 30. október 2006 kl. 18.00 á kaffistofu skólans.

- Dagskrá:
1. Skýrsla skólastjóra.
 2. Reglugerð fyrir tónlistarskólann.
 3. Önnur mál.

Mætt voru: Jóhanna Guðmundsdóttir, skólastjóri, Elísabet L. Björgvinsdóttir, formaður, Daði Jóhannesson og Sigurborg Sturludóttir.

1. Hausttónfundum er að ljúka.
Stóra lúðrasveitin var í 2ja daga æfingabúðum í Snæfellsbæ 7.-8. október og gekk mjög vel. Æfingabúðunum lauk með opinni æfingu.
Litla lúðrasveitin verður með dagsæfingabúðir 3. nóvember sem lýkur með pizzuveislu.
Viðræður eru á milli Tónlistarskólans og FSN um greiðslur vegna nemenda þaðan sem eru í tónlistarnámi.
Skólanefnd felst á að veita leyfi til afnota af sal vegna kynningar á ballettskóla 25. nóvember nk.
2. Farið var fyrir athugasemdir frá kennurum tónlistarskólans vegna reglugerðarinnar. Nefndin bendir á að samræma þarf erindisbréf nefndarinnar og bæjarmálasamþykkt varðandi boðun funda, að þeir skuli boðaðir með tveggja sólarhringa fyrirvara.
3. Önnur mál voru engin.

Fundi slitið kl. 19.15.

Sigurborg Sturludóttir (sign.),

Daði Jóhannesson (sign.),

Elísabet L. Björgvinsdóttir (sign.),

Jóhanna Guðmundsdóttir (sign.).